

57

14. júní

FYRIRMÆLI

um dragnótaveiðar.

1. gr.

Gerð dragnóta, sem leyfðar eru til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, skal vera sem hér segir:

Nótin er samansett úr tiltölulega stuttum poka og tveimur löngum vængjum. Á efra teini eru flár til að halda nótinni opinni, en blý á neðra teini. Við enda vængjanna eru trékefli, eitt við hvorn væng, fest við vængina með stuttum kaðalbútum. Í kefli þessi eru dragstrengir festir með stuttum hanafótum. Hlera er alls óheimilt að nota og hvað eina annað, sem komið gæti í þeirra stað til útbenslu vængjanna.

2. gr.

Möskvastærð dragnóta skal minnst vera 110 mm, þegar möskvinn er mældur í votu neti, teygður horna á milli, eins og mælt er fyrir um í 1. gr. reglugerðar nr. 156/1954.

Óheimilt er að klæða nótina með nokkrum hætti.

3. gr.

Um meðferð afla um borð í fiskiskipi gilda ákvæði IV. kafla reglugerðar nr. 1 13. janúar 1961, um ferskfiskeftirlit.

4. gr.

Um lágmarksstærð fisks, sem flytja má að landi, gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 156/1954, um það efni.

5. gr.

Skipstjóra fiskiskips, sem stundar dragnótaveiðar ber að halda nákvæmar skýrslur um afla og veiðistaði á eyðublöðum, sem Fiskifélag Íslands leggur til. Skýrslurnar skulu sendar félaginu hálfsmánaðarlega.

6. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, svo og skilyrðum, sem sett kunna að verða í leyfisbréfi til dragnótaveiða, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum skv. 8. og 9. gr. laga nr. 40 9. júní 1960.

Fyrirmæli þessi eru sett samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 40 9. júní 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 50 14. maí 1937, um gerð og möskvastærð dragnóta, sem heimilt er að nota í landhelgi.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 14. júní 1961.

Emil Jónsson.

Jón Sigurðsson.